

Fulltrúaráðsfundur haldinn í Sólheimakoti 7.september 2005 kl. 20.00

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður bauð fulltrúa deilda velkomna og tók að sér fundarstjórn.

Formaður hafði fengið fyrirspurn frá félagi í HRFÍ hvort ekki mættu aðrir en formenn deilda mæta á fulltrúaráðsfundi. Viðkomandi fannst upplýsingar af fulltrúaráðsfundum ekki komast nægilega til skila til félagsmanna. Spurning kom úr sal varðandi fulltrúaráðsfundi, hvort fleiri en formaður úr ræktunardeild mættu einnig sitja fundi. Formaður las úr lögum HRFÍ um fulltrúaráðsfundi. Hvatti fundarmenn til þess að ræktunarráðin hittist fyrir fulltrúaráðsfundi og kæmu síðan með erindi inn á þessa fundi. Síðan væri tilvalið að nota tækifærið og kalla saman fund með félagsmönnum í viðkomandi deild eftir fulltrúaráðsfundi. María Tómasdóttir sagði það vera gagnlegra ef fleiri mættu koma og var hún þá beðin um að koma slíku erindi skriflega til stjórnar félagsins.

Jóna sagði frá stjórnarfundum og að erindi þyrftu að berast stjórn viku fyrir fundi. Fundartími er auglýstur á heimasíðu HRFÍ. Einnig sagði hún frá hvernig stjórn skiptir með sér verkum, kynnti nefndir og sagði vanta einn mann í laganefnd. Æskilegt að viðkomandi væri löglærður. Jóna kynnti það helsta sem ný stjórn hefur tekið fyrir á fundum sínum:

Tillaga lögð fram á aðalfundi 18. maí um stofnun vinnuhóps um bætta hundamenningu.

Neðangreindir starfa í nefndinni. Eiríkur St. Eiríksson, Rósa B. Halldórsdóttir, Kolbrún Karlsdóttir, Birna Björnsdóttir, Guðný Vala Tryggvadóttir, Þórdís Sigurðardóttir, Unnur Huld Hagalín.

Þorsteinn Kristinsson stjórnarmaður HRFÍ er tengiliður stjórnar við vinnuhópinn og leiðir starfið.

Breyting á ræktunarreglum fyrir enskan springer spaniel

Spanieldeild fer fram á neðangreindar breytingar:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir né afkvæmi hvolpa hans úr fyrri gotum og/eða fleiri afkvæmi foreldra hans og verða hundurinn og afkvæmi hans sem þegar eru ættbókarfærð skráð í ræktunarbann (gildir frá 5. maí 2005.) Greinist hundur með arfgengt cataract mun hann verða skráður í ræktunarbann. (gildir frá 5. maí 2005.) Stjórn spanieldeildar hefur haft til hliðsjónar við þessar breytingar samsvarandi reglur frá Dansk Kennel Klub.

Bréf frá FCI vegna undanþágu á alþjóðlegum meistaratitli

dagsett 26. júní 2005 þar sem vísað er í bréf okkar frá 1. júní 2005. Beiðni okkar um endurupptöku á bréfi HRFÍ frá 18. mars 2004 kom of seint til þess að verða tekið fyrir á fundi í júlí. Verður erindi okkar því tekið fyrir í nóvember. Þangað til verða alþjóðlegir titlar handa hundum sem þurfa vinnu- eða veiðipróf ekki staðfestir fyrr en niðurstaða fundarins liggur fyrir.

Þetta bréf er að finna á heimasíðu HRFÍ.

Dreifibréf frá FCI

FCI hefur sent dreifibréf dagsett 15. júní 2005 til allra aðildarfélaga innan FCI tilkynningu um að Hundaræktarfélagið Rex sé ekki viðurkennt af FCI

Minningarsjóður Emilíu

Verið er að hanna minningarkort sem verða til sölu á skrifstofu HRFÍ

Grein III – Stjórn ræktunardeilda

8. Deild íslenska fjárhundsins ber ábyrgð á verndun, ræktun og heilbrigði íslenska fjárhundsins í umboði stjórnar HRFÍ. Stjórn tilnefni því fulltrúa sinn í stjórn deildarinnar til tveggja ára í senn. Fulltrúinn situr sem fullgildur stjórnarmaður í stjórn DÍF og er hlutverk hans að vera sérstakur tengiliður milli stjórnar HRFÍ og DÍF um málefni sem varða íslenska fjárhundinn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

Á stjórnarfundum þann 17. ágúst sl. tilnefndi stjórn Guðríði Þ. Valgeirsdóttur sem tenglið.

Sámur

Samkvæmt ritstjóra Sáms kemur 2.tbl. út fyrir mánaðamót.

Sámur kemur út í framtíðinni í apríl, ágúst og í lok nóv./byrjun desember ár hvert.

Málefni Hundaskóla HRFÍ

Þórhildur Bjartmarz hefur sagt upp starfssamningi við Hundaskóla HRFÍ.

Albert Steingrímsson skólastjóri Hundaskólans hefur einnig sagt upp öllum störfum við hundaskólann svo og þeim nefndum sem hann situr í. Anna Jóna Halldórsdóttir hefur sagt upp starfi sínu hjá Hundaskóla HRFÍ.

Fyrirlesari – námskeið

Í júní bað formaður Albert Steingrímsson um tillögu varðandi fyrirlesara sem gæti verið með efni er höfðaði til stórs hóps hundeigenda. Stakk Albert upp á Lars Feldt atferlisfræðingi frá Svíþjóð.

Albert fól síðan Sigríði Bíldal að vera í sambandi við hann. Ekki hefur enn náðst samband við Lars.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár fundarins:

Nýr sýningarstaður, „Reiðhöllin í Víðidal” og þar sem sýningarþjálfun fer jafnframt fram. Skráðir hafa verið á sjöunda hundrað hundar, það mesta hingað til. Guðrún Hafberg sýndi teikningu að skipulagi deilda og sölubása í andyri hússins. Valgerður Júlíusdóttir kynnti starfsmannaskipurit fyrir n.k.sýningar og allra sýninga út árið 2008. Tillaga kom frá fulltrúum ræktunardeilda að starfsfólk í deildabásunum greiði aðgangseyri. Samþykkt af meirihluta fundarmanna, tveir voru á móti.

Guðrún Hafberg minnti á bikaraskil vegna komandi sýningar.

Samþykkt að halda námskeið fyrir starfsfólk sýninga.

Baráttumálin - „Vinnuhópur um bættu hundamenningu”

Þorsteinn Kristinsson stjórnarmaður HRFÍ er tengiliður stjórnar við vinnuhópinn og leiðir starfið.

Hvatning frá honum til fundarmanna um að ef einhverjir vildu bætast í hópinn, væru þeir velkomnir til starfa í nefndinni. Hafnarfjarðarmálið rætt og hvatt var til hundagöngu til mótmæla.

Hulda Jónasdóttir gaf kost á sér til setu í baráttuhópnum.

Ný ættbókarskírteini. Þorsteinn kynnti nýtt útlit og sagði að verið væri að vinna í litanöfnum. Tilmæli til fundarmanna að koma litarheitunum í viðkomandi tegundum inn til ættbókarnefndar fyrir 10.október. Fólk ánægð með breytingar á ættbókinni.

Augnskoðun fer fram dagna 28.og 29.október. Jens Erik Sønnderup sér um að augnskoða.

Ræktunarnámskeið. Fullbókað er á bæði byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Sólheimakot. Margrét Kjartansdóttir – umgengni þyrfti að vera betri.
Margrét mun útbúa tékklista sem þarf að útfylla og skila ásamt lykli á skrifstofu HRFÍ.

Fyrirlesari í vetur. Stungið hafði verið upp á Lars Feldt. Fundarmenn hvattir til að koma með tillögur og komu þá upp nöfn eins og Abrantes og Roger Mugford. Einnig kom upp hugmynd að fá sýnanda í fremstu röð.

Önnur mál:

Hlýðni- og sporleitarpróf 4. 5. nóvember. Dómari Lennart Nordlander frá Svíþjóð.

Laugavegsganga. Tvær tillögur bornar upp annarsvegar 4. nóvember og hins vegar 26. nóvember. Fundarmenn samþykktu 26. nóvember. Verður nánar auglýst á heimasíðu HRFÍ.

Skapgerðamat 17. september.

Veiðipróf 9.-11. sept. í Áfangafelli.

Smáhundasýning í Garðheimum um næstu helgi.

Formaður benti á góða grein eftir Brynju Tomer í fylgiblaði Mbl um heilsu þann 3. september sl. „Gæludýr eru ekki bara góðir félgar - kunna að hafa jákvæð áhrif á heilsuna”

Fundi slitið kl.22

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir
Ritari í stjórn HRFÍ